

Fundargerð
Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

8. fundur, 29. október 2003 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 15.30 - 18.30

Mætt: Thomas Möller formaður, Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal, Jón Þorvaldsson, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Sigurður Skúli Bergsson, Guðmundur Ómar Þráinsson, Ólafur Briem, Helga Jónsdóttir, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir.

Formaður hafði tilkynnt tafir svo U.S. og S.B. hófu fundinn.

Fundarmönnum voru send ný drög að áfangaskýrslu skömmu fyrir fund. U.S. og S.B. lögðu til að farið yrði yfir karla 1 og 2 lið fyrir lið og óskuðu eftir athugasemdum. Ýmsar ábendingar komu frá fundarmönnum og var U.S. og S.B. falið að vinna úr þeim.

S.B. kallaði eftir efni frá fulltrúum í kafla 3 um tímaáætlanir innleiðingar.

U.S. sér um 4. kafla.

Nokkrar umræður urðu um 5. kafla. Fundarmenn voru sammála um að enn sem komið er erfitt að gera sér grein fyrir fjárhagslegum áhrifum innleiðingarinnar. G.V. benti þó á kostnaður á hafnir og skipaútgerðir verður hár fyrst en ætti að jafna sig út síðar þegar málið snýst einungis orðið um að halda verndinni við, ef svo má segja. Í framhaldi af þessu spruttu umræður um gjaldtökuheimildir hafna, en þær eru tæmandi taldar í hafnalögum. J.Þ. varpaði fram þeirri hugmynd hvort nýta mætti hafnabótasjóð í því skyni að styrkja hafnir vegna stofnkostnaðar sem þær verða fyrir vegna innleiðingar siglingaverndar. Samþykkt að athuga málið.

Niðurstaða fundarins:

Þeir fundarmenn sem ekki höfðu skilað tímaáætlun í 3ja kafla samþykktu að gera slíkt hið fyrsta.

U.S. og S.B. setja athugasemdir fundarins inn í áfangaskýrsluna.

Samþykkt að ljúka áfangaskýrslu á næsta fundi og stefna að lokaskýrslu í janúar/febrúar 2004.

Kalla eftir afstöðu fyrirtækja sem siglingaverndin snertir fyrir gerð lokaskýrslu.

U.S. og S.B. kalla saman fund þegar áfangaskýrslan liggur fyrir að þeirra mati.

Ákveðið að hafa næsta fund á sama stað eftir sérstöku fundarboði.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð.